

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2023

2023/EES/77/24

frá 17. mars 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2257 frá 11. ágúst 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru útreikningsaðferðir fyrir vergar fjárhæðir skyndilegra vanefnda fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart skulda- og hlutabréfagerningum og fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart vanskilaáhættu sem stafar af tilteknum afleiðugerningum og tilgreina grundvallarfjárhæðir gerninga annarra en gerninga sem um getur í 4. mgr. 325. gr. w í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 2257**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2257 frá 11. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 299, 18.11.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2257, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 18.11.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.